

	fluttar	kr.	4350,51
7. Kostnaður við amtsráðið			120,00
8. Til varðkostnaðarins við Ölvesá, Hvítá og Brúará 1875			1563,16
9. Ýmisleg útgjöld			100,00
10. Sjóður við árslok			1000,00
	Samtals	kr.	7133,67

Tekjur:

1. Í sjóði frá f. á.	kr.	500,00
2. Niðurjöfnun á lausafje í amtinu	—	6633,67
	Samtals	kr. 7133,67

Við umræðurnar um áætlunina kom sú skoðun fram, að æskilegt væri, að 4. gjaldliður (kostnaðurinn til kennslu heyrnar- og málleysingja) yrði settur niður, sjer í lagi með því móti, að nýrra samninga væri leitað um meðgjöf með heyrnar- og málleysingjum, og tillit tekið til þess, á hvaða aldri og hvaða þroskastigi hver málleysingi væri, og var forseta falið að gjöra tilraunir í þessa stefnu.

6. Amtsráðið kynnti sjer reikninga yfir húnaðarskólagjald suðuramtsins 1875, og tekjur og gjöld leiguliðasjóðsins sama ár og fann ekkert við þá að athuga.
7. Dr. phil. Grímur Thomsen var kosinn til að rannsaka sýslusjóðsreikningana fyrir 1875.

Reykjavík, 10. nóvember 1876.

Bergur Thorberg.

113

10. júní.

Stjórnarbrjef og auglýsingar.

— *Brief ráðgjafans fyrir Ísland til kaupmannanna P. C. Knudtson & Sön í Kaupmannahöfn um vinfanga- og tóbakstoll.* — Út af því að lögin frá 11. febr. þ. á. um breytingu á tilskipun 26. febr. 1872 um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum og lög frá sama degi um gjald á tóbaki verða ekki jafnsnemma gild alstaðar á Íslandi, og hafa sjer í lagi í Reykjavík orðið skuldbindandi fyr en annarstaðar, af því að þau öðlast gildi við þinglýsingu þeirra, svo sem berlega er fyrir mælt í 5. gr. laganna, sem fyr eru nefnd, og talið er eptir hinum almennu reglum, að eigi heima um hin síðarnefndu lögin, hafið þjer í brjefi dags. 24. f. m. minnzt á, hvert tjón það baki verzlunarmönnum í Reykjavík að verða að keppa við verzlunarmenn í verzlunarstöðunum þar í grennd, þar sem að eins er greitt hið lægra brennivínsgjald eptir eldri lögunum og ekkert tóbaksgjald er heimtað, þangað til búið er að þinglýsa lögunum, og farið þess á leit, að stjórnin láti skila aptur brennivínstollsauka þeim og tóbakstolli, er kynni að vera búið að greiða eptir áminnstum lögum, áður en þau eru gild orðin um land allt. Sjer í lagi hafið þjer kvartað undan því, að heimtað hafi verið af yður brennivínsgjald í Reykjavík af brennivíni með skipinu Draxholm, sem átti að fara til Hafnarfjarðar, en skilríki voru fyrst sýnd fyrir í Reykjavík, og í annan stað af brennivíni, sem sent var með póstgufuskipinu Arkturus og átti einnig að fara til Hafnarfjarðar, en skilríki voru sýnd fyrir í Reykjavík, og haldið þjer því fram, að því er hið síðarnefnda atriði snertir, að samkvæmt tilskipun 26. febr. 1872, 4. gr., eigi gjald af vörum, sem komi til Íslands með skipum, sem sjeu laus við að þurfa að kaupa sjer sjóleiðarbrjef, eins og Arkturus sje, að greiða þar, sem við þeim sje tekið, en eigi þar, sem fyrst eru sýnd skilríki skipsins.

Þess skal þá fyrst getið, að úr málinu um reikning á brennivínsgjaldinu af brennivíni því, er flutt var til Íslands með skipinu Draxholm, er skorið með brjefi ráðgjafans til landshöfðingjans yfir Íslandi frá 26. f. m., er þessu brjefi fylgir ágríp af, og að það er mis-
skilningur, er þjer haldið, að ekki sje keypt sjóleiðarbrjef handa Arcturus, og á því grein sú í tilskipun 26. febr. 1872, er þjer vitnið í, ekki við í þessu efni. Í annan stað skal eigi undanfellt að tjá yður þjónustusamlega, að ráðgjafinn á ekki með að gjöra neina undantekningu undan reglu þeirri, er sett er í fjrtjæðum lögum, og er því eigi fær um að gjöra neitt í tjeðu efni.

113

10. júní.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til kaupmannanna P. C. Knudtson & Søn í Kaupmannahöfn um vinfanga- og tóbakstoll.* — Í 2 brjefum til ráðgjafans, dags. 11. þ. m., hafið þjer enn að nýju borið yður upp undan því, að tollur af áfengum drykkjum með skipinu Draxholm og póstgufuskipinu Arcturus, er skilríki voru sýnd fyrir í Reykjavík, en ölföngin affermd í Hafnarfirði, hafi verið reiknaður eptir lögunum frá 11. febr. þ. á. í stað tilsk. 26. febr. 1872.

114

23. ágúst.

Brjef þessi eru rituð með svo löguðum blæ, að ráðgjafinn hefir verið í vafa um, hvort rjett væri að svara þeim. Auk þess eru að efninu til ekki fram komnar neinar skýringar, er geti leitt að annari niðurstöðu, en ráðgjafinn hefir komizt að áður. Ráðgjafanum virðist því óþarfi að fara lengra út í það, sem í tjeðum brjefum stendur, en þykir þó rjettast að svara einu atriði, er yður virðist þykja mjög mikið í varið.

Þjer hafið sem sje haldið stöðugt fram þeirri kröfu, að fyrirmælum 4. greinar í tilsk. 26. febr. 1872 sje beitt við póstgufuskipið, en ekki fyrirmælum 2. greinar í sömu tilskipun, og hafið máli yðar til sönnunar bent á aðferð þá, sem höfð hafi verið við Díönu bæði að undanfögnu og einkum þetta ár. En yður getur ekki verið ókunnugt um, að þjer hafið sjálfir ávallt greitt tollinn af áfengum drykkjum þeim, er hafa átt að fara til verzlunar yðar í Hafnarfirði, og flutt hafa verið til landsins með póstgufuskipinu, í R e y k j a v í k, af því að þar hafa í raun og veru fyrst verið sýnd skilríki fyrir gufuskipinu að undanfögnu, enda fer því svo fjarri, að 4. gr. tilsk. 26. febr. 1872 hafi verið talin eiga við um Díönu, er hún kom til Seyðisfjarðar í júnímánuði síðastliðnum, að sýslumaðurinn þar heimtaði þvert á móti af gufuskipformanninum gjald af öllum tollskyldum vörum í skipinu, samkvæmt fyrirmælum 2. greinar í tjeðri tilskipun. En skipstjóri kvaðst eigi geta greitt gjaldið, og sá sýslumaðurinn sjer þá eigi annað fært, til þess að stöðva ekki póstgufuskipið, en að heimta aðeins gjald af þeim vörum, sem áttu að fara til Seyðisfjarðar.

Það leiðir af sjálfu sjer, að eptir því sem að framan er sagt, finnst ráðgjafanum alls engin ástæða til að breyta úrskurðum þeim, er áður hafa lagðir verið á málið.

— *Umboðsskrá konungs handa ritara við landshöfðingjaembættið, Jóni Jónssyni, til að gegna störfum þeim viðvíkjandi fjárkláðasýkinni, sem hvíla á lögreglustjórum á Íslandi.*

115

26. sept.

CHRISTIAN HINN NÍUNDI af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gotna, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stór-
mæri, Þjóðmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vita skalt þú, Jón Jónsson, ritari við landshöfðingjaembættið á Voru landi Íslandi, að með því að fyrir Oss hefir flutt verið, að enn sje eigi fengin víska um, að kláðasýki þeirri á